

AUGLÝSING

um gildistöku samkomulags milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð frá 6. febrúar 1931, sem gert var í Stokkhólmi 6. febrúar 2001, öðlaðist gildi 1. nóvember 2002, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 39 og 40, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1969, 26/1973, 3/1974, 13/2001 og nr. 33/2001 þar sem samkomulagið er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 43

29. nóvember 2002

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina.

Breytingar á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina frá 6. mars 1948, sem gerðar voru í Lundúnum 4. nóvember 1993, öðluðust gildi 7. nóvember 2002, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 67 og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1969, 3/1979, 9/1982, 2/1988 og nr. 4/1998 þar sem breytingarnar eru birtar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Nr. 44

29. nóvember 2002

AUGLÝSING

um gildistöku bógunar við samþykkt um alþjóðaflugmál.

Bókun um breytingu á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944, sem gerð var í Montreal 26. október 1990, öðlaðist gildi 28. nóvember 2002, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 49 og 50, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1979, 1/1981, 1/1988, 10/1990, 21/1992 og 5/2002.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.